

86

31. júlí

21. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans, en fyrsti kennari skal vera framreiðslukennari, og skal hann einnig hafa yfirumsjón í veitingasal skólans. Skólastjóri ræður stundakennara í samráði við skólanefnd og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins. Annað starfsfólk skólans ræður skólastjóri.

Ráðherra ákveður kennslu- og starfsskyldur skólastjóra og kennara, að fengnum tillögum skólanefndar.

22. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans í samráði við skólanefnd.

Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum. Hann hefur á hendi reikningshald skólans og hefur eftirlit með viðhaldi og ræstingu á húsnæði og munum skólans.

Skólastjóri skal senda samgöngumálaráðuneytinu eftir hver áramót reikninga skólans fyrir næstliðið ár ásamt fylgiskjólum, og einnig skal hann senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf skólans á liðnu skólaári.

23. gr.

Skólastjóri skal sjá um að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Nemendaskrá, prófbók, bréfabók, áhaldabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Um nemendur skólans.

24. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi áður en kennsla hefst. Ef nemandi getur ekki sótt skólann sökum sjúkleika, eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það. Skólastjóra ber að grennslast eftir rökum fyrir fjarveru nemenda, ef eigi er sent læknisvottorð.

Í byrjun hvers ársnáms skal afhenda hverjum nemanda viðverubók og skal vikulega skrá í hana, hve oft nemandann hefur vantað í skólinn seinastliðna viku og af hvaða ástæðum, svo og hve oft hann hefur mætt of seint. Skal nemandinn síðan sýna heimilisföður sínum (eða móður) og meistara bókina og fá áritun þeirra. Bók þessa má svo nota sem prófskirteini milli bekkja og við ákvörðun um einkunn fyrir ástundun og hegðun.

25. gr.

Nemendur skulu vera trúðmannlegir í framkomu. Þeir skulu sýna skólastjóra og kennurum hlýðni, og rækja nám sitt með alúð og nákvæmni. Reykingar og neyzla áfengis er bönnuð í skólanum.

26. gr.

Valdi nemandi skemmdum á eignum skólans, skal hann bæta þær að fullu. Ef fullvíst er, að slíkar skemmdir hafi orðið af völdum nemenda í ákveðinni deild og enginn gengst við, skulu nemendur þeirrar deildar bæta allir í félagi.

27. gr.

Nú gerist nemandi brotlegur við reglur skólans, og skulu þá kennarar vanda um við hann eða eftir eðli brotsins tilkynna skólastjóra, sem áminnir nemanda, ef hann telur þörf á. Skipist nemandi ekki við áminningu kennara eða skóla-